



Framkvæmda- fréttir 14. tbl. / 14



Vestfjarðavegur (60) í Kjálkafirði 5. júní 2014. Vegfylling er að verða fullbúin og brúin bíður þess að fylling í brúaropi verði fjarlægð og sjó verði veitt undir hana. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.

Aukin jákvæðni í garð Vegagerðarinnar samkvæmt árlegri könnun um þjóðvegi landsins

Áður birt á vegagerdin.is 03.06.2014

Heldur fleiri eru nú jákvæðir í garð Vegagerðarinnar en áður og hafa ekki verið fleiri í tíu ár samkvæmt könnun Maskínu fyrir Vegagerðina sem er gerð tvisvar á ári, sumar og vetur. Einnig er spurt um til dæmis hálkurnir og snjómokstur.


Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar er vistuð á vef Vegagerðarinnar á þessari slóð:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/7207>

Nú eru um 65% aðspurðra jákvæð gagnvart Vegagerðinni en rétt rúm sjö prósent neikvæð. Meðaltalshlutfallið hækkar á milli ár úr 3,51 í 3,74.

Um 30% telja Vegagerðina standa sig vel í að breikka vegi

og tvöfalda akreinar en um 28% telja vegagerðina sinna því illa, flestir segja í meðallagi vel/illa. ►




Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 14. tbl. 22. árg. nr. 632 23. júní 2014

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Meðaltal spurninga á 5 stiga kvarða



Skýring á litum lóðlínanna:

Fyrir ofan **græna lóðlinu**: Styrkleikabil (4,20-5,00).
 Milli **gulu** og **grænu lóðlinu**: Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).
 Fyrir neðan **gula lóðlinu**: Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

- Hinsvegar telja mun fleiri að Vegagerðin standi sig vel í að sinna hálkuvörnum eða um 50% en um 15% telja því illa sinnt. Enn fleiri eru ánægðir með snjómoksturinn því rúm 58% telja honum vel sinnt á meðan rúm 10% telja að svo sé ekki. Þá telja meira en 61% að þeir séu öruggir þegar þeir aka um þjóðvegi landsins en 12% telja sig órugga. ■

Niðurstöður útboða

Endurbætur á Hringvegi (1)

í Reykjadal, Laugar - Daðastaðir 14-006
 Tilboð opnuð 18. júní 2014. Endurbætur á 2,94 km kafla á Hringvegi (1) í Reykjadal frá Laugum að Daðastaðum.

Helstu magntölur eru:

Efnisvinnsla	17.000 m ³
Skering	9.700 m ³
Fylling	8.200 m ³
Fláafleygar	7.300 m ³
Ræsi	173 m
Neðra burðarlag	8.600 m ³
Efra burðarlag	3.100 m ³
Tvöföld klæðing	24.300 m ²
Frágangur fláa	39.400 m ²
Hellur og kantsteinar	130 m ²
Purfræsing	18.500 m ²
Þökulagning og gróðurbeð	400 m ²

Mölnun, fyllingum, fláafleygum, um 33% af neðra burðarlagi og ræsalögn skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2014. Neðra lagi klæðingar skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2015. Öllu verkinu skal lokið eigi síðar en 15. ágúst 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	129.385.000	112,1	3.560
2	Ístrukkur ehf., Kópaskeri	127.831.710	110,8	2.006
1	G.V. Gröfur ehf., Akureyri	125.825.350	109,0	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	115.384.000	100,0	-10.441

Breiðholtsbraut við Norðlingaholt

Göngubrú og stígar

Tilboð opnuð 13. júní 2014. Innkaupadeild Borgartúni 12-14 f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar bauð út eftirfarandi verk:
 Breiðholtsbraut við Norðlingaholt
 Göngubrú og stígar

Um er að ræða 70 m langa steypa göngubrú ásamt 1.560 m af stígum með tilheyrandi lýsingu. Í verkinu felst einnig gerð 350 m reidstígs ásamt öryggisgirðingu. Endurgera á leiksvæði ásamt því að gera nýjan áningarstað við Selás.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	2.500 m ³
Fyllingar	15.900 m ³
Fláafleygar	6.500 m ³
Malbik	4.700 m ²
Mót	690 m ²
Járn	42.000 kg
Steypa	300 m ³
Jarðstrengir	640 m
Uppsetning ljósaastólpa	9 stk.
Grassáning	9.000 m ²
Þökulagnir	4.000 m ²
Gróðursetning	700 stk.

Skiladagur verksins er 15. desember 2014 fyrir utan frágang og ræktun sem skal lokið eigi síðar en 1. maí 2015

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Íslenskir aðalverktakar hf.	263.457.825	121,6	62.275
4	2K ehf.	242.245.600	111,8	41.063
3	Urð og grjót ehf.	236.097.400	108,9	34.914
2	SS verk ehf.	224.039.600	103,4	22.857
---	Áætlaður verktakakostnaður	216.744.020	100,0	15.561
1	Loftorka Reykjavík ehf. og Skrauta ehf.	201.183.081	92,8	0



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 16. júní 2014. Búið er að sprengja 2.478 m frá Eyjafirði sem er 34,6% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 16. júní 2014. Búið er að sprengja samtals 2.039 m sem er 27% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni 9 rannsóknarskýrslna. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Endurheimt staðargróðurs í aflögðum slóðum

Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Kristín Svavarsdóttir, Landgræðslu ríkisins, mars 2014

Markmið verkefnisins var að þróa aðferðir við endurheimt staðargróðurs í aflögðum vegslóðum og að þróa aðferðir við mat á ásynnd vistheimtar í slóðunum. Prófaðar voru sex meðferðir í þremur tilraunum í slóðum í lyngmóa og mosapembu. Meðferðirnar voru allt frá því að bera einungis á og til þess að nota gróðurtorfur úr grenndinni. Aðferðafræði við mat á áhrifum vistheimtar var þróuð út frá völdum flokkum sem skilgreindir hafa verið til að lýsa íslensku landslagi. Meðal þeirra eru gróður, grunnlögun lands, breytileiki í hæð og form í landi. Mat á mismunandi meðferðum leiddi í ljós að þekja og samsetning háplantna í meðferðum í lyngmóa var mjög frábrugðin staðargróðri. Sigrænar smárunnar voru ríkjandi í staðargróðri en grös í slóða. Í mosapembu voru fáar háplöntutegundir og þekja mosa var mun meiri í staðargróðri en í meðferðum. Fram kemur að þessar niðurstöður byggja á úttekt á fyrsta og öðru ári eftir meðferðir, sem er skammur tími og því verði tíminn að leiða í ljós frekari árangur.



Mynd af gamalli endurheimt gróðurs í slóða í mosapreid. Ummerkin eru mjög greinileg þrátt fyrir að tekist hafi að græða förin að hluta, m.a. vegna þess að gróðurinn í förinum stingur mjög í stíf við mosagróðurinn.

Hitastigsbreytingar í veggöngum frá munna og inn í göngin

Matthías Loftsson, Mannvit, Gísli Eiríksson, Vegagerðin, mars 2014

Fram hafa komið efasemdir um norska aðferð sem notuð hefur verið til að ákvarða einangrandi vatnslæðingar fyrir veggöng hér á landi. Talið er að hún sé of ströng. Því var þessi rannsókn gerð og tilgangur hennar var að kortleggja breytingar á hitastigi frá munna ganga inn í göng háð ýmsum breytum. Mælt var í Bolungarvíkurgöngum í þrjá vetur frá 2011/2012, en einnig er stuðst við mælingar í öðrum göngum hérlendis. Niðurstaða mælinganna benda til að áður nefndar efasemdir um norsku aðferðina eigi við rök að styðjast. Áhrif hitastigs við munna ganga á hitastig inn í göngum fjarar hraðar út en norska aðferðin gerir ráð fyrir. Niðurstöðurnar benda til að einangrandi klæðingar, t.d. PE-mottur með sprautusteypu, þurfi í framtíðinni ekki að fyrirskrifa nema næst munna ganganna.

Umferðarmerki á Íslandi í ljósi fjölgunar erlendra ökumanna á vegum landsins

Birna Hreiðarsdóttir, Norm ehf., mars 2014

Í skýrslunni kemur fram að verkefninu hafi verið ætlað að varpa ljósi á þau breyttu viðhorf sem ört stækkandi hópur erlendra ökumanna sem kys að aka á vegum landsins hefur í för með sér fyrir akstur og umferð, einkum með tilliti til nauðsynjar þess að taka til gagnerrar endurskoðunar nógildandi kerfi umferðamerkja. Settar eru fram niðurstöður höfundar um hvað þarf að gera til að „koma málefnum umferðamerkja í nútímalegt horf“. Þar er m.a. umræða um endurskoðun löggjafar (umferðarlög og vegalög) og reglugerða. Höfundur leggur m.a. til að gerðar verði tvær reglugerðir um umferðarmerki, t.d. að danskri fyrirmynd, í stað þeirrar nr. 289/1995, sem nú er í gildi. Annars vegar reglugerð um gerð og þýðingu umferðamerkja og hins vegar um notkun og stjórnsýslu. Bent er á að nauðsynlegt sé að taka tillit til bæði umferðarlaga og vegalaga við setningu reglugerðanna, en núverandi reglugerð er eingöngu sett á grundvelli umferðarlaga. Auk tillagna um endurskoðun laga og reglugerða, eru í skýrslunni einnig ýmsar ábendingar skýrsluhöfundar um að breyta þurfi umferðamerkjum sem nú eru í notkun hérlendis.

Breytt bindiefni í klæðingar – Áfangi II: Tilraunalagnir

Pétur Pétursson, PP-ráðgjöf mars 2014

Þessi áfangi verkefnisins snerist fyrst og fremst um tilraunalagnir með hjálbiki og bikþeytu, með og án fjölliða (SBS og latex). Tilraunakafarnir voru lagðir á Hringvegi (1-g8) í Borgarfirði og á Norðurlandi í Öxnadal. Þá voru einnig lagðir tilraunakafar eða blettir á Snæfellsnesi og í Hrutafirði. Fylgst hefur verið með tilraunaköflunum í vetur en fram hefur komið Steinlos í nokkrum þeirra einkum kafla þar sem notuð var bikþeyta án latex-fjölliða. Áfram verður fylgst með köflunum, en auk þess er gert ráð fyrir að leggja nýja kafla sumarið 2014 og þá verður einkum notuð bikþeyta. Auk umræðu um tilraunakafana, er í skýrslunni greint frá niðurstöðum rannsóknastofuþróa bæði á steinefnum og bindiefnum. Fram kemur í skýrslunni að verkefnið er unnið í samvinnu við fyrirtækin Hlaðbæ-Colas og Arnardal, sem bæði hafa lagt í umtalsverðan kostnað við gagnaöflun og forrannsóknir vegna aðlögunar bikþeytu að íslenskum steinefnum.



Teppapróf. Lagðir eru fimm teppabítar, 50 x 50 cm á kannt, framan við bílinn þvert á akreini, en þó þannig að hjól bílsins keyra ekki yfir teppin. Með vigtun er hægt að meta magn bindiefnis sem sprautað er út.

Leiðbeiningar við klæðingaviðgerðir og tilheyrandi handbók

Sigursteinn Hjartarson, SHJ ehf, Einar Gíslason og Gunnar H. Guðmundsson, Vegagerðinni, mars 2014

Í leiðbeiningunum og handbókinni er farið yfir öryggismál tengd viðgerðum á klæðingum og farið yfir ástæður ágalla og skemmda. Aðferðum við viðgerðir er lýst, en þær eru breytilegar eftir gerð skemmda eða ágalla sem laga á. Í skýrslunni er einnig fjallað um efnið, bindiefni og steinefni, sem notað er til viðgerðar. Fjallað er um tækjabúnað og mannafla sem þarf til aðgerðanna. Í lokaorðum skýrslunnar er bent á að margt sé hægt að gera til að skemmdir verði ekki alvarlegar og til vandræða. Meginreglan er sú að láta byrjandi skemmd ekki eiga sig og þróast upp í viðvarandi vandamál.



Veglýsing á þjóðvegum

Helgi Baldvinsson og Baldur Hólm Jóhannsson, Mannvit, apríl 2014

Verkefnið fólst í því að mæla lýsingu á dæmigerðum þjóðvegi í þéttbýli og bera niðurstöðurnar saman við hönnunarforsendur og þá staðla sem gilda um lýsingu á þjóðvegum. Markmiðið var að kanna hvort hægt væri að spara orku með stýringu lýsingarinnar. Mælingarnar voru gerðar á þjóðvegi 82 í gegnum Dalvík. Niðurstaða þeirra var að lýsingin væri undir kröfum staðla og þannig ekki hægt að spara í lýsingunni þar, miðað við núverandi aðstæður. Í skýrslunni eru taldar upp nokkrar aðferðir sem annars væri hægt að nota við stýringu á



veglýsingu til orkusparnaðar. Fram kemur þó að miðað við raforkuverð í dag munu þær allar vera lengi að borga sig, en bent er á að skynsamlegt kunni að vera að skoða þær um leið og nauðsynleg endurnýjun ljósa-staura fer fram. Þá er farið yfir gerð ljósgjafa og framtíðarsýn á lýsingu þjóðvega. Varðandi framtíðarljósgjafa eru ljóst að ljóstvistar (LED) munu væntanlega verða alsráðandi innan 5-10 ára, enda hefur framleiðsla flestra annarra perutegunda verið stöðvuð eða verður stöðvuð á næstu árum, skv. ákvörðun Evrópusambandsins.

Innleiðing gæðastýringaráætlana hjá Vegagerðinni

Einar Gíslason og Guðmundur Ragnarsson, Vegagerðinni, apríl 2014

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkti gerð gæðastýringaráætlana í framkvæmdum hjá Vegagerðinni. Síðan var veittur styrkur til að innleiða gæðastýringaráætlanir og fjallar skýrslan um það verkefni. Verkefnið fólst í að vinna eyðublöð sem verktökum er gert að nota til að sýna fram á að þeir hafi unnið samkvæmt gæðastýringaráætlun. Einnig voru útbúin eyðublöð fyrir eftirlit til að auðvelda það að framfylgja því að unnið sé samkvæmt áætluninni. Innleiðing hófst með því að haldin voru námskeið með hönnuðum, umsjónar- og eftirlitsmönnum og gæðastýringaráætlanir voru gerðar og fylgst með vel flestum útboðsverkum árið 2013. Seinni hluta sumars 2013 kom í ljós við könnun, að innleiðingin gekk ekki sem skyldi. Verktökum þótti þetta íþyngjandi og framfylgni eftirlitsins og eftirfylgni yfirmanna á svæðum og í miðstöð var ekki nægjanleg. Í framhaldi af þessu kom fram tillaga um að í stað gæðastýringar- og eftirlitsáætlana yrði gerð ein áætlun „Gæðastýring verks“. Eyðublöðum var fækkað verulega en þó ávallt krafist að framvinda verks sé skráð fyrir ákveðna verkþætti. Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar í febrúar 2014 var samþykkt að halda innleiðingunni áfram á þessum nótum. Í skýrslunni eru sýnd hin ýmsu eyðublöð, sem nota á við gæðastýringu verks.

Handvirkar og sjálfvirkar myndatökur á vettvangi

Einar Pálsson og Ásbjörn Ólafsson, Vegagerðinni, apríl 2014

Tilgangur verkefnisins var að nýta betur það net bílstjóra sem eru á ferðinni snemma morguns og gjarnan eru í sambandi við vaktstöðvar Vegagerðarinnar varðandi færð. Skrifað var smáforrit („app“) fyrir myndavélar sem hægt er að hafa í bílunum til að safna myndum í akstri sjálfvirk og fyrirhafnarlitið og senda til vaktstöðvar. Settar voru fram ákveðnar kröfur til myndavélarinnar og smáforritsins. Fyrirtækið Stokkur Software skrifaði smáforritið. Í greinargerðinni er farið yfir hvernig tókst að uppfylla kröfurnar. Ritaðir voru minnisþingar eftir vettvangsferð í mars 2014 og koma fram ábendingar um úrbætur, en þær teljast þó utan ramma verkefnisins.



Niðurbrot óbundins burðarlags undir sveiflandi álagi

Ásbjörn Jóhannesson, Hafsteinn Hilmarrson og Oddur Þórðarson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, maí 2014

Í skýrslunni er greint frá fyrstu tilraunum til að þróa aðferð sem líkir eftir niðurbroti burðarlagesfnis í vegi undir umferðarálagi. Sýni af burðarlagesfninu (korn á bilinu 4-16 mm) er prófað í þrías þar sem hliðarstuðningurinn

er óbreyttur meðan á prófinu stendur en lóðrétt álagið er látið sveiflast. Þessi prófunaraðferð getur gefið upplýsingar



Burðarlagsýni í þrúas, tilbúið til prófunar.

um líkur á fínafnamyndun í burðarlaginu vegna innbyrðis núnings á milli efniskorna fyrir áhrif umferðarinnar. Sett er fram tillaga að verklýsingu fyrir prófunaraðferðina. Breyting á sáldurferlum, fyrir og eftir próf er sett fram sem niðurstaða prófsins. Burðarlagsefni frá Kúagerði var prófað með aðferðinni, en miðað við leiðbeiningar Vegagerðarinnar er það hæft sem burðarlagsefni án takmarkana á umferð. Niðurstöður prófsins á efninu sýndu lítilsháttar, en þó marktæka aukningu á efni sem smýgur 4 mm sigti og á efni sem smýgur 63 µm sigti. Hið síðarnefnda þó ekki meira en að efnið yrði enn innan marka um kröfur til fínafnainnihalds (undir 63 µm) efnisins í heild. Niðurstöðurnar eru því taldar í samræmi við væntingar um gildi prófunaraðferðarinnar. Þó er bent á að engin vitneskja er enn um nákvæmni prófunaraðferðarinnar og að auki er aðferðin tafsöm. Haldið verður áfram með tilraunirnar árið 2014. ■

Landeyjahöfn, aðkomuvegur, færsla flóðvarnar og útsýnispallur 14-044

Tilboð opnuð 18. júní 2014. Vegagerðin bauð út ofangreint verk í Landeyjahöfn. Um er að ræða byggingu aðkomuvegar á eystri brimvarnargarð Landeyjahafnar, færslu á flóðavarnargarði og byggingu á útsýnispalli.

Helstu magntölur:

Útlögn grjóts og kjarna:	13.300 m³
Uppúrtekt og endurútlögn kjarn	12.000 m³
Steypa:	38 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. október 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	47.791.720	100,0	12.700
3 Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	39.875.390	83,4	4.784
2 Framrás ehf., Vík	35.184.880	73,6	93
1 Þjótandi ehf., Hellu	35.091.700	73,4	0

Ísafjarðarbær - Suðureyri, þekja og lagnir 14-043

Tilboð opnuð 10. júní 2014. Hafnir Ísafjarðarbæjar buðu út ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Bygging veituhúss
Leggja og tengja vatnlagnir með tilheyrandi úttaksbrunnum.

Leggja ídráttarrör fyrir rafmagn með tilheyrandi úttaksbrunn.

Steypa þekju, 1.200 m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. ágúst 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Geirnaglinn, Ísafirði	44.707.900	109,7	5.012
--- Áætlaður verktakakostnaður	40.736.800	100,0	1.041
1 Vestfirskir verktakar, Ísafirði	39.696.070	97,4	0

Niðurstöður útboða

Endurbætur á

Biskupstungnabraut (35) 2014 14-004

Tilboð opnuð 10. júní 2014. Styrking á 3,8 km Biskupstungnabrautar (35) ofan Múla, ásamt útlögn klæðingar og frágangi.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar	8.250 m³
Fylling	4.050 m³
Purrfræsun	25.495 m²
Neðra burðarlag	18.815 m³
Ræsi	96 m
Efra burðarlag	5.400 m³
Tvöföld klæðing	32.775 m²
Frágangur fláa	30.225 m²

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	156.481.000	136,0	25.998
2 Vörubifreiðastjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	149.586.750	130,0	19.104
1 Suðurtak ehf., Brjánsstöðum	130.482.925	113,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	115.100.000	100,0	-15.383



Ártúnsbrekka í Reykjavík. Þessi mynd er úr safni Jóns J. Víðis, ódagsett en líklega tekin um miðjan 6. áratug síðustu aldar.



Sami staður í júní 2014. Á miðri mynd má enn sjá bút af veginum eins og hann var á gömlu myndinni. Sjónarhornið er víðara og lengra til hægri en á gömlu myndinni.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
14-052 Grenivík, sjóvörn 2014	2014
14-046 Hólmavík, sjóvörn um Rifshaus 2014	2014
14-045 Sauðárkrúkur, viðhaldsdyþkun 2014	2014
14-029 Reykholtisdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2014
14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2014
14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014	2014
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2014

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
14-051 Girðingar á Suðursvæði 2014-2015	23.06.14	08.07.14
14-039 Festun og yfirlögn á Vestursvæði og Norðursvæði 2014	10.06.14	24.06.14
14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	10.06.14	24.06.14
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14	15.07.14

Útboð í forvalsferli	Auglýst:	Opnað:
14-041 Göngubrú á Markarfljót, hönnunarsamkeppni - forval	26.05.14	13.06.14

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	02.06.14	18.06.14
14-044 Landeyjahöfn, aðkomuvegur, færsla flóðvarnar og útsýnispallur (útboð auglýst í dagblöðum)	31.05.14	18.06.14
14-047 Breiðholtsbraut við Norðlingaholt, göngubrú og stígar (útboð auglýst í dagblöðum)	31.05.14	13.06.14
14-043 Ísafjarðarbær - Suðureyri, þekja og lagnir (útboð auglýst í dagblöðum)	26.05.14	10.06.14
14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	26.05.14	10.06.14
14-040 Vestmannaeyjar, endurbygging Binnabryggju, þekja (útboð auglýst í dagblöðum)	12.05.14	27.05.14
14-035 Vetrarþjónusta 2014-2017, Akranes - Reykjavík og Þingvallavegur	28.04.14	13.05.14
14-036 Vetrarþjónusta 2014-2017, Borgarnes - Akranes og Brattabrekka	28.04.14	13.05.14
14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	14.04.14	06.05.14
14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	14.04.14	29.04.14
14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur	14.04.14	06.05.14
14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes	14.04.14	06.05.14
14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið	14.04.14	06.05.14

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	31.03.14	15.04.14
14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti	31.03.14	15.04.14
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
14-037 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015 Garðlist ehf., kt. 450598-2409	15.04.14	12.05.14
14-033 Seyðisfjarðarvegur (93) Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2014 Geotækni ehf., 680907-0640	08.04.14	28.04.14
14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói Þjórandi ehf., kt. 500901-2410	15.04.14	02.06.14
14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Árnessýslu IJ Landstak ehf., kt. 710713-0490	15.04.14	13.06.14
14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík IJ Landstak ehf., kt. 710713-0490	15.04.14	13.06.14
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Kambshóll Óskatak ehf., kt. 440107-0600	22.04.14	19.06.14
14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadalssá Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	13.05.14	30.05.14
14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik Malbikun K-M ehf., kt. 690598-2059	27.05.14	16.06.14

Auglýsingar útboða

Girðingar á Suðursvæði 2014 - 2015

14-051

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í uppsetningu nýrra girðinga á Suðursvæði 2014-2015, auk viðhalds beitihólfa á Hellsisheiði og í Selvogi á árinu 2015.

Helstu magntölur eru:

Rif gamalla girðinga	5 km
Netgirðingar	23 km
Rafmagnsgirðingar	1 km
Grindarhlið	22 stk.
Nethlið	44 stk.
Prílur	2 stk.
Viðhald rafgirðinga	38 km
Viðhald netgirðinga	14 km

Nýgirðingum á árinu 2014 skal lokið fyrir 15. nóvember 2014. Viðhald girðinga í hólfulum skal vera lokið 15. júní 2015. Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. júní 2014. Verð útboðsgagna er 2.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. júlí 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.